

6. október 2023 Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands - um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar). Þingskjal 113 – 113. mál.

Kvenréttindafélag Íslands styður ofangreint frumvarp og markmið þess. Kvenréttindafélagið vill, líkt og áður, ítreka kröfu um að stjórnvöld geri viðtækar breytingar á lögum um útlendinga og vinni þau að nýju í samstarfi við félagasamtök og fagaðila í mannréttinda- og jafnréttismálum, þar sem mannúðarstefna og jafnréttissjónarmið eru fyrst og fremst höfð til grundvallar.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur stjórnvöld eindregið til að láta ekki sitt eftir liggja í jafnréttismálum meðal annars með því að fara eftir stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum sem íslenska ríkið hefur undirritað og þar með lofað að fylgja þegar kemur að því að tryggja jafnrétti fyrir öll óháð þjóðfélagsstöðu eða öðrum breytum.

Kvenréttindafélag Íslands tekur undir umsagnir ÖBÍ réttindasamtaka dagsett 4. október 2023 og Embættis landlæknis dagsett 26. september 2023.

Að lokum ítrekar Kvenréttindafélag Íslands fyrri umsögn um frumvarp um lög um útlendinga sem má lesa hér:

https://kvenrettindafelag.is/umsogn-um-frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-logum-um-utlendinga-althjodleg-vernd-2/?fbclid=IwAR0ZyIfAvxF7RwMFZteE4G9Uqy_3XcnxuN8xrBSEeiXQOxqvjZKo4bTrFbw

Virðingarfyllst fyrir hönd Kvenréttindafélag Íslands

Tatjana Latinovic formaður